

## 10. gr.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál, sem tengist ferðum skipsins, sem viðkomandi bók varðar, skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist í því máli. Sama gildir um bráðabirgðabækur og einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

Áður en skipsbók er fleygt eða hún eyðilögð, skal haft samráð við Þjóðskjalasafn Íslands eða viðkomandi héraðsskjalasafn eða byggðasafn (sjóminjasafn).

## 11. gr.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim, ef honum ber nauðsyn til þess. Þetta á þó ekki við, hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt gefinn aðgangur að bókum þess skips, nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

## 12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt 234. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

## 13. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 9. gr. siglingalaga nr. 34, 19. júní 1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um grásleppuveiðar.

## 1. gr.

Óheimilt er að stunda grásleppuveiðar á bátum stærri en 12 brúttólestir. Þó er heimilt að stunda grásleppuveiðar á bátum stærri en 12 brl. hafi þeir stundað slíkar veiðar á næstu vertíð á undan og skilað skýrslum til Fiskifélags Íslands um þær.

## 2. gr.

Óheimilt er að nota til aðstoðar við grásleppuveiðar bát stærri en 12 brúttórúmllestir t. d. til flutnings á afla eða til þess að flytja báta.

## 3. gr.

Grásleppuveiðar báta eru bundnar við eitt eftirgreindra veiðisvæða:

A: Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi.

B: Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

- C: Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni.
- D: Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá.
- E: Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi.
- F: Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum.

Bátum er aðeins heimilt að stunda grásleppuveiðar á því veiðisvæði, þar sem þeir leggja upp afla til vinnslu. Ráðuneytinu er heimilt að víkja frá ofangreindum reglum um veiðisvæði, þyki ástæða til m. a. vegna veiða á ákvæðnum svæðum undanfarin ár.

4. gr.

Aðeins er heimilt að stunda grásleppuveiðar hér við land frá og með 10. mars til og með 15. ágúst ár hvert.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Ríkismati sjávarafurða. Öll söltun grásleppuhrognna um borð í bátum er bönnuð.

6. gr.

Bátum er grásleppuveiðar stunda er óheimilt að stunda jafnframt veiðar í þorskanet.

7. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota til veiða er 10½ þumlungur (266,7 mm).

Við ákvörðun á, hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða, er svo litið á, að öll net, sem eru með stærri möskva en 8 þumlungar (203,3 mm) séu grásleppunet.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins og skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

8. gr.

Netabaujur skulu á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess báts, sem notar netið. Sé bátur ekki skráður, skal flaggið merkt þannig, að greina megi hver sé eigandi netanna.

9. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda skulu senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um veiðarnar.

10. gr.

Landhelgisgæslan og efitrlitsmenn ráðuneytisins hafa eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 105 28. janúar 1980, um hrognkelsaveiðar ásamt síðari breytingu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1986.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

Nr. 140

## REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítalans fyrir árið 1985.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.

Tekjur:

	Skýr.
Samúðarskeyti Landssímans .....	5 331 576
Innheimtuþóknun til F.Í.S. 15% .....	(796 519)
	<hr/> 4 535 057 <hr/>

Gjöld:

Styrkveitingar 1985 .....	1 938 000
Prentun .....	75 186
Laun og launatengd gjöld — innfærsla samúðarskeyta .....	42 175
Annar kostnaður .....	9 010
	<hr/> 2 064 371 <hr/>

Hagnaður fyrir fjármunatekjur .....	2 470 686
-------------------------------------	-----------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vextir og verðbætur af bankareikningum .....	2 420 395
Vextir og verðbætur af spariskírteinum .....	2 215 645
Arður .....	2 052
Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga .....	1 (2 226 000)
	<hr/> 2 412 092 <hr/>

Hagnaður ársins .....	4 882 778
-----------------------	-----------

Rástöfun hagnaðar:

Ráðstöfun skv. 5. gr. skipulagskrár	
Úthlutun til Landspítala .....	3 2 200 000
Yfirfært á höfuðstól .....	2 682 778
	<hr/> 4 882 778 <hr/>